VEGAGERÐIN

# Framkvæmda-fréttir

8. tbl. /09



## Suðurstrandarvegar (427) Krýsuvíkurvegur – Þorlákshafnarvegur

Mjög vel hefur gengið við lagningu Suðurstrandarvegar (427) í vetur og er verktakinn, KNH ehf. frá Ísafirði, langt á undan áætlun. Ef verkaefnastaða fyrirtækisins breytist ekki mikið reikna menn jafnvel með að vegarkaflinn verði tilbúinn í september í haust. Unnið er alla daga, frá kl. 7:00 til klukkan 20:00. Unnið er 7 daga og 7 daga frí þannig að verktaki er með tvö gengi sem skiptast á að vinna og vera í fríi.

Samkvæmt útboði átti hluti vegarins að vera tilbúinn á næsta ári og verki að fullu lokið 2011. Þá er eftir að ljúka kaflanum frá Krýsuvíkurvegi til Grindavíkur en hugsanlega verður sá kafli boðinn út síðar á árinu.

Verkið felst í nýbyggingu Suðurstrandarvegar á 33,6 km löngum kafla ásamt 2,3 km löngum tengingum við hann, smíði 12 m steyptrar bitabrúar á Vogsós, neðan Hlíðarvatns í Selvogi, auk ræsa, grjótvarnargarða, reiðstígs og girðinga. Megintilgangur vegalagningarinnar er að byggja upp varanlega og örugga vegtengingu á milli Suðurlands og Suðurnesja til hagsbóta og öryggis fyrir atvinnulíf og íbúa á þessum svæðum.

## Auglýsingar útboða

### Yfirlagnir Norðaustursvæði 2009, norðurhluti, klæðing 09-010

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með klæðingu á norðurhluta Norðaustursvæðis.

Helstu magntölur:

| | |
|---|---|
| Yfirlagnir | 388.000 m² |
| Flutningur steinefna | 5.700 m³ |
| Flutningur bindiefna | 620 tonn |

Verkinu skal að fullu lokið 1. september 2009.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði, Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 27. apríl 2009. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl 14:00 þriðjudaginn 12. maí 2009 og verða þau opnuð þar kl 14:15 þann dag.

**Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 8. tbl. 17. árg. nr. 521 27. apríl 2009**

Ritstjórn og umsjón útgáfu: **Viktor Arnar Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður: **Gunnar Gunnarsson**
Prentun: **Oddi**

Ósk um áskrift sendist til: **Vegagerðin Framkvæmdafréttir Borgartúni 7 105 Reykjavík** eða með tölvupósti til: **vai@vegagerdin.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaefni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar. og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.

## Auglýsingar útboða

### Brú á Hvítá á Bræðratunguvegi, eftirlit 09-021

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í eftirlit með byggingu brúar á Hvítá á Bræðratunguvegi (359), milli Skeiða- og Hrunamannavegar og Biskupstungnabrautar. Verkið felur í sér eftirlit með byggingu 270 m langrar eftirsteyptrar bitabrúar í sex höfum með heildarbreidd 10 m. Gert er ráð fyrir að brúin verði byggð í tveimur hlutum og að Hvítá verði haldið utan vinnusvæðis á byggingartímanum.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist sumarið 2009 og að verklok við brúarsmíði verði að hausti 2010.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 27. apríl 2009. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 12. maí 2009 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Vetrarþjónusta 2009 -2014, Hellisheiði og Árborgarhringur 09-020

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í vetrarþjónustu á Hellisheiði og Árborgarhring árin 2009-2014.

Helstu magntölur, á ári, eru:

| | | |
|---|---|---|
| Færðargreining, bíll | 35.000 | km |
| Færðargreining, maður | 1.000 | klst. |
| Snjómokstur með vörubíl | 37.000 | km |
| Hálkuvörn með vörubíl | 25.000 | km |
| Upprif á ís og troðnum snjó með undirtönn á vörubíl | 7.000 | km |
| Lausakeyrsla á vörubíl | 11.000 | km |

Verki skal að fullu lokið 15. maí 2014.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 27. apríl 2009. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 12. maí 2009 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

## Hrafnseyrarheiði opnuð að vori



*Þetta var verkefnið sem beið Vegagerðarmanna þegar þeir reyndu að opna Hrafnseyrarheiðina þann 6. apríl sl. Nýlega fallið snjóflóð og meira væntanlegt. Til vinstri á myndinni má sjá menn að koma fyrir sprengjuhleðslu.*



*Reynt var að sprengja niður hættulegustu hengjuna en það tókst ekki nógu vel og urðu snjóruðningsmenn frá að hverfa þennan dag.*



*Snjóflekarnir sem þarna myndast eru ekki smáir.*



*Þann 14. apríl var aftur haldið á heiðina og þá voru aðstæður skaplegri. Skófla krakaði verstu skaflana niður.*

## Hringvegur (1), Litla-Sandfell - Haugaá 08-005

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í gerð Hringvegar í Skriðdal, frá Litla-Sandfelli að Haugaá. Vegurinn verður um 11 km langur, þar af 6,3 km nýbygging og 4,7 km endurbygging á núverandi vegi. Byggja á þrjár brýr: á Þórisá lengd 10 m, á Eyrarteigsá lengd 14 m og á Jóku lengd 32 m.

Helstu magntölur eru:

| | | |
|---|---|---|
| **Vegur:** | | |
| Bergskering | 700 | m$^3$ |
| Fylling | 114.000 | m$^3$ |
| Fláafleygar | 25.000 | m$^3$ |
| Ræsalögn | 751 | m |
| Neðra burðarlag | 87.700 | m$^3$ |
| Efra burðarlag | 18.700 | m$^3$ |
| Tvöföld klæðing | 82.300 | m$^2$ |
| **Brú á Þórisá** | | |
| Mótafletir | 671 | m$^2$ |
| Steypustyrktarjárn | 18,3 | t |
| Steypa | 207 | m$^3$ |
| Staurar | 38 | stk. |
| **Brú á Eyrarteigsá** | | |
| Mótafletir | 628 | m$^2$ |
| Steypustyrktarjárn | 18,7 | t |
| Steypa | 197 | m$^3$ |
| Staurar | 36 | stk. |
| **Brú á Jóku** | | |
| Mótafletir | 1.170 | m$^2$ |
| Steypustyrktarjárn | 32,2 | t |
| Steypa | 385 | m$^3$ |
| Staurar | 36 | stk. |

Verkinu skal að fullu lokið fyrir 1. ágúst 2011.

Útboðsgögnin eru seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi 1 á Akureyri, Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með miðvikudeginum 29. apríl 2009. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 19. maí 2009 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

# Niðurstöður útboða

## Yfirlagnir Suðvestursvæði 2009, malbik 09-023

Tilboð opnuð 21. apríl 2009. Yfirlagnir með malbiki á Suðvestursvæði árið 2009.

Helstu magntölur:

| | | |
|---|---|---|
| Malbik | 115.500 | tonn |
| Útlögn | 81.700 | m$^2$ |
| Hjólfarafylling | 25.300 | m$^2$ |

Verki skal að fullu lokið 15. ágúst 2009.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 247.400.000 | 100,0 | 64.089 |
| 3 | Loftorka Reykjavík ehf., Garðabæ | 213.184.800 | 86,2 | 29.874 |
| 2 | Malbikunarstöðin Höfði hf., Reykjavík | 204.678.390 | 82,7 | 21.367 |
| 1 | Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf., Hafnarfirði | 183.310.970 | 74,1 | 0 |

## Yfirlagnir Suðvestursvæði 2009, „repave“ 09-023

Tilboð opnuð 21. apríl 2009. Malbiksyfirlagnir með repave-aðferð á Suðvestursvæði árið 2009.

Helstu magntölur:

| | | |
|---|---|---|
| Repave yfirlagnir | 75.300 | m$^2$ |

Verki skal að fullu lokið 15. ágúst 2009.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 2 | Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf., Hafnarfirði | 172.966.000 | 147,8 | 18.786 |
| 1 | Loftorka Reykjavík ehf., Garðabæ | 154.180.000 | 131,8 | 0 |
| ---- | Áætlaður verktakakostnaður | 117.000.000 | 100,0 | -37.180 |




*Bolungarvíkurgöng 20. apríl. Gröftur gekk ágætlega í viku 16. Frá Hnífsdal voru sprengdir 55 m og er heildarlengd þeim megin 1.427 m. Frá Bolungarvík voru sprengdir 56 m og er heildarlengd þeim megin 1.486 m. Samtals er því búið að sprengja 2.913 m eða tæp 56,5% af heildarlengd.*




# Hvammstangavegur (72) um Hvammstanga

Í síðsta tölublaði var auglýst útboð á endurbótum Hvammstangavegar í gegnum Hvammstanga. Í verkingu felst að við innkomuna í bæinn að sunnanverðu skal setja hraðahindrandi miðeyju og bæjarhlið, og klæða um 320 m kafla. Jarðvegsskipta skal í götustæðinu á um 210 m kafla frá Hlíðarvegi að Klapparstíg, og malbika götuna frá Hlíðarvegi að Veigarstíg, lengd um 960 m. Gert er ráð fyrir að fræsa þurfi fyrir malbikinu á ákveðnum köflum götunnar. Útbúa skal þrjár miðeyjar með steinlögðu yfirborði, þar af eina með hlaðinni hraðahindrun. Endurnýja skal kantstein austan götunnar frá Lækjargötu að Veigarstíg og ganga frá hliðarsvæðum, en þar verða bílastæði við götuna aflögð og hún mjókkuð úr 8 m í 7 m. Endurnýja skal fráveitulagnir í götunni á fjórum stöðum, 41 m alls, og endurnýja stofnlögn vatnsveitu frá Lækjargötu að Veigarstíg, lengd um 540 m.

Verkkaupi er Vegagerðin og Húnaþing vestra. Verkið er



Loftmynd: Loftmyndir ehf.

hannað hjá Stoð ehf. verkfræðistofu á Sauðárkróki. Umsjón með framkvæmd verður í hendi framkvæmdadeildar Vegagerðarinnar á Norðvestursvæði og tæknideildar Húnaþings vestra.

Framkvæmdin er ekki háð mati á umhverisáhrifum.

Tilboð verða opnuð 5. maí en verkinu skal að fullu lokið 1. október 2009.

## Auglýsingar útboða

### Vetrarþjónusta 2009 - 2012, Sauðárkrókur – Blönduós – Sauðárkrókur 09-015

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í vetrarþjónustu í Skagafirði og Austur-Húnavatnssýslu árin 2009-2012.

Helstu magntölur, á ári, eru:

| | |
|---|---|
| Færðargreining | 60.000 km |
| Snjómokstur með vörubíl | 17.000 km |
| Hálkuvörn með vörubíl | 12.000 km |
| Upprif á ís og troðnum snjó með undirtönn á vörubíl | 4.000 km |
| Lausakeyrsla á vörubíl | 15.000 km |

Verki skal að fullu lokið 1. maí 2012.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarsíðu 8 á Sauðárkróki og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 27. apríl 2009. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 12. maí 2009 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

# Verk í vinnslu

Samningsverk í vetrarþjónustu, ferjurekstri og almenningssamgöngum eru ekki á þessum lista.

Texti miðast við viku 16

| | Samið: | Verklok: |
|---|---|---|
| 08-041 Yfirborðsmerkingar, vegmálun 2008-2010 *Vegmerking ehf.* | 11.03.08 | 01.09.10 |

| **Suðursvæði** | **Samið:** | **Verklok:** |
|---|---|---|
| 07-084 Suðurstrandarvegur (427), Krýsuvíkurvegur - Þorlákshafnarvegur *KNH ehf.* | 19.09.08 | 15.09.11 |

Unnið við að keyra efni úr námum á tveimur stöðum, á eystra svæði er lokið við megnið af fyllingum milli stöðva 42.000 og 56.000. Þar er unnið við klapparskeringar, neðra burðarlag og fláafrágang. Lokið er við varnargarða. Verktaki er að hefja gröft vegna brúar. Unnið við námuvinnslu í námu 15. Lokið er við að hreinsa vegstæði milli 40.000 og 42.000. Unnið við forbrot við Vogsósa. Á vestara svæði er unnið við námuvinnslu í námu 9. Lokið við að hreinsa um 98% af vegstæði vestan við stöð 37.500. Unnið við að hreinsa vegstæði að verkmörkum til vesturs. Unnið í skeringum við st. 26.000. Vegurinn er kominn í hæð undir burðarlag milli 26.000 og 31.500, verið að keyra í fyllingar til austurs. Verkið gengur vel.

| | | |
|---|---|---|
| 08-050 Grassláttur á Suðvestursvæði 2008-2010 *Hrafn Magnússon* | 26.05.08 | 01.09.10 |
| 08-074 Vallarvegur (262), Fljótshlíðarvegur - Kotvöllur *Heflun ehf.* | 11.07.08 | 15.09.08 |

Verktaki er að hefja framkvæmdir á ný

| | | |
|---|---|---|
| 08-078 Heiðarbraut (3357) og Gnúpverjavegur (325) *Mjölnir vörubílstjórafélag* | 29.07.08 | 15.09.08 |
| 08-073 Grafningsvegur efri (360) um Úlfljótsvatn *Sigurjón Hjartarson* | 12.08.08 | 20.09.08 |

Setja þarf vegrið fyrir ofan gönguræsi, eftir að leggja seinna lag klæðingar.

| | | |
|---|---|---|
| 07-030 Skeiða- og Hrunamannavegur (30), Skipholt - Foss *Borgarvirki ehf.* | 07.11.07 | 15.06.09 |

Framkvæmdir hafnar á ný.

| | | |
|---|---|---|
| 07-090 Lyngdalsheiðarvegur (365), Þingvallavegur - Laugarvatnsvegur *Klæðning ehf.* | 04.07.08 | 15.10.10 |

Búið að setja fyllingarefni að mestu í fulla hæð undir burðarlag frá st. 8.000 og að st. 13.300. Verið er að taka á móti fyllingarefni í st. 8.000 en fyllingarefni sem nú er verið að taka er tekið úr námu 5. Verið er að grafa út fyrir vegstæðinu í kringum fjárrétt í stöð 14.600. Unnið er við hringtorg á Laugarvatni.

| | | |
|---|---|---|
| 08-063 Landeyjahöfn, hafnar- og vegagerð *Suðurverk hf.* | 14.08.08 | 01.07.10 |

Grjótröðun í varnargarði við stöð 8.000 er lokið en eftir að ganga frá fláa landmegin og yfirborði. Búið að ýta upp garði sunnan megin við brú að stöð 1.000 og grjótvörn að stöð 490. Búið að færa Markarfljótsósa um 1,0 km í austur með því að ýta upp um 80.000m$^3$ af efni að mati verktaka. Búð að steypa undirstöður brúar yfir Ála og grjótverja að þeim. Búið að steypa brúargólf. Unnið við framhjáhlaup vegna undirganga.

| **Suðursvæði, framhald** | **Samið:** | **Verklok:** |
|---|---|---|
| 08-066 Landeyjahöfn, hafnar- og vegagerð, eftirlit *Strendingur ehf.* | 02.09.08 | 01.09.10 |
| 08-029 Efnisvinnsla Suðursvæði 2008 *Fossvélar ehf.* | 13.06.08 | 31.12.08 |
| 08-035 Festun og yfirlögn á Suðursvæði og Suðvestursvæði 2008-2009 *Ræktunarsamband Flóa og Skeiða* | 12.06.08 | 01.09.09 |
| 08-057 Suðurstrandarvegur (427), Krýsuvíkurvegur - Þorlákshafnarvegur, eftirlit *Almenna verkfræðistofan hf.* | 09.09.08 | 15.09.11 |
| 08-056 Lyngdalsheiðarvegur (365), eftirlit *VSÓ - ráðgjöf ehf.* | 23.06.08 | 15.10.10 |
| 08-080 Hlíðarendavegur í Ölfusi (380) *Háfell ehf.* | 14.08.08 | 01.07.09 |

Eftir að leggja seinna lag klæðingar og snyrta vegkanta. Verki á að vera lokið um miðjan júní.

| **Suðvestursvæði** | **Samið:** | **Verklok:** |
|---|---|---|
| 08-077 Reykjanesbraut (41), Kaldárselsvegur - Krýsuvíkurvegur, hönnun *Efla ehf.* | 30.01.09 | 27.11.09 |
| 08-064 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Vífilsstaðaveg, eftirlit *Línuhönnun hf.* | 23.06.08 | 10.07.09 |
| 08-053 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Vífilsstaðaveg *Ris ehf. Glaumur verktakafélag ehf.* | 08.05.08 | 10.07.09 |
| 07-038 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg, eftirlit *Almenna verkfræðistofan hf.* | 11.02.08 | 10.07.09 |
| 07-037 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg *Suðurverk hf.* | 25.01.08 | 10.07.09 |

Gatnamótin voru opnuð fyrir umferð 29. nóvember

| | | |
|---|---|---|
| 08-058 Reykjanesbraut (41), breikkun, Strandarheiði - Njarðvík, endurútboð *Ístak hf.* | 02.05.08 | 01.06.09 |

Kaflinn var opnaður fyrir umferð 19. október

| | | |
|---|---|---|
| 07-065 Hafnarfjarðarvegur (40), gatnamót við Nýbýlaveg, eftirlit *VSÓ ráðgjöf ehf.* | 12.07.07 | 15.07.08 |
| 08-059 Arnarnesvegur (411), Reykjanesbraut - Fífuhvammsvegur, hönnun *Verkfræðistofan Hnit hf.* | 04.07.08 | 22.12.08 |
| 08-070 Hringvegur (1), Skarhólabraut - Hafravatnsvegur, hönnun *VSÓ ráðgjöf ehf.* | 02.07.08 | 21.11.08 |

| **Norðvestursvæði** | **Samið:** | **Verklok:** |
|---|---|---|
| 08-018 Snæfellsnesvegur (54) um Fróðárheiði, Egilsskarð - sæluhús *KNH ehf.* | 23.07.08 | 15.09.09 |
| 06-030 Útnesvegur (574), Háahraun - Saxhóll *Stafnafell ehf.* | 26.01.06 | 15.07.09 |

Eftir að yfirleggja klæðingu 5,6 km.

| | | |
|---|---|---|
| 06-024 Djúpvegur (61), Reykjanes - Hörtná *KNH ehf. og Vestfirskir verktakar ehf.* | 25.01.07 | 01.09.09 |

Framlengd verklok: 01.09.09.

| Norðvestursvæði, framhald | Samið: | Verklok: |
|---|---|---|
| 06-028 Tröllatunguvegur (605),<br>Vestfjarðavegur - Djúpvegur<br>*Ingileifur Jónsson ehf.* | 20.04.07 | 01.09.09 |
| 07-012 Skagavegur (745)<br>um Króksbjarg<br>*Fjörður ehf.* | 02.09.08 | 15.07.09 |
| 07-087 Vestfjarðavegur (60),<br>Hofstaðavegur - Þorskafjarðarvegur<br>*KNH ehf.*. | 30.11.07 | 01.07.09 |
| 07-005 Hringvegur (1),<br>Grafarkot - Hraunsnef<br>*KNH ehf.* | 08.06.07 | 01.10.09 |
| 06-017 Hringvegur (1)<br>um Hrútafjarðarbotn<br>*Skagfirskir verktakar* | 12.12.07 | 01.11.08 |
| 08-025 Vatnsdalsvegur (722),<br>Hof - Hjallaland<br>*Sigurjón Hjartarson*.. | 13.10.08 | 01.08.09 |
| 08-072 Örnólfsdalsá hengibrú,<br>stálsmíði<br>*Gísli Þorgeir Einarsson* | 25.07.08 | 21.11.08 |
| 07-010 Leirársveitarvegur (504),<br>Leirá - Svínadalsvegur<br>*Borgarverk ehf.* | 02.04.08 | 15.09.08 |
| 07-085 Óshlíðargöng, eftirlit<br>*Línuhönnun hf., Geotek* | 08.04.08 | 15.07.10 |
| 07-062 Óshlíðargöng<br>*Íslenskir aðalverktakar, Marti Contractors* | 08.04.08 | 15.07.10 |
| 07-086 Strandavegur (643),<br>Geirmundarstaðavegur - Hálsgata<br>*Skagfirskir verktakar* | 03.06.08 | 15.07.09 |
| 08-043 Festun og yfirlögn<br>á Norðvestursvæði 2008-2009<br>*Borgarverk ehf.* | 22.04.08 | 01.09.09 |

| Norðaustursvæði | Samið: | Verklok: |
|---|---|---|
| 05-035 Héðinsfjarðargöng<br>*Háfell ehf. og Metrostav a.s.* | 20.05.06 | 10.12.09 |
| 08-069 Norðausturvegur (85),<br>Fremri-Háls - Sævarland<br>*Héraðsverk ehf.*<br>Verkið er tvískipt og lauk fyrri áfanganum 4,2 km í lok ágúst. Seinni hlutinn er álíka langur og er neðra burðarlag komið á hann allan. Vinnu við ræsið á Víðinesá er lokið og umferð komin á þann hluta vegarins. Framkvæmdir liggja niðri fram á vor. | 13.06.08 | 15.07.09 |
| 06-004 Norðausturvegur (85),<br>Hófaskarðsleið<br>*Héraðsverk ehf.*<br>Verktaki var á síðasta ári að vinna í fyllingum og fláafleygum vestan við Ormarsá, milli stöðva 6.300 og 20.800, en eftir áramót var unnið á kaflanum frá stöð 1.200 að 6300. Búið er að keyra neðra burðarlagi milli st. 27.000 og 29.000. Búið er að steypa sökkla og eystri stöpulinn á brúnni yfir Ormarsá. Eignarnám sem tekið var í landi Brekku var fellt úr gildi með Hæstaréttardómi. Samningar hafa náðst við landeigendur um að halda veglínunni óbreyttri nema um 1,2 km vestast á kaflanum. Breyta þarf veglínunni þar og standa samningar við landeigendur Katastaða yfir og ljóst að það mun taka nokkurn tíma. Verktaki er að hefja vinnu aftur á svæðinu eftir nokkuð hlé. Útlögn klæðingar á að vera lokið 15. ágúst og verkinu að fullu 1. nóvember 2009. Ljóst að þetta næst ekki vestast á kaflanum. | 16.07.07 | 01.11.09 |

| Norðaustursvæði, framhald | Samið: | Verklok: |
|---|---|---|
| 08-007 Illugastaðavegur (833),<br>slitlagsendi - Illugastaðir<br>*Árni Helgason, Ólafsfirði*.<br>Verktaki lauk við að keyra út neðra burðarlaginu í desember og er þá efra burðarlag, klæðing og frágangur eftir. Framkvæmdir liggja niðri fram á vor. | 25.07.08 | 01.07.09 |
| 05-035 Héðinsfjarðargöng, eftirlit<br>*Geotek ehf.* | 28.04.86 | 10.12.09 |
| 08-010 Hringvegur (1),<br>Valtýskambur - Sandbrekka<br>*Háfell ehf.*<br>Verktaki er að vinna í skeringum, fyllingum og ræsalögn og er um styttist í að þessi hluti klárist. | 20.08.08 | 15.10.09 |

| Norðaustursvæði, framhald | Samið: | Verklok: |
|---|---|---|
| 07-005 Hringvegur (1),<br>Ármótasel - Skjöldólfsstaðir<br>*Héraðsverk ehf.*<br>Verkinu átti að ljúka 1. ágúst 2008 en framkvæmdir gengu hægt m.a. vegna þess að veturinn 2007-8 var langur og erfiðleikar voru með bleytu í fyllingarefninu. Samið var því um seinkun á verklokum til 1. júlí 2009. Í haust var lokið við að keyra neðra burðarlagi í veginn og var ákveðið að setja umferðin á hann í vetur. Eftir er að ganga frá tengingum í báða enda, keyra út efra burðarlagi og leggja klæðinguna. Framkvæmdir liggja niðri fram á vor. | 01.02.07 | 01.07.09 |
| 07-088 Norðfjarðarvegur (92),<br>um Hólmaháls<br>*Suðurverk hf.*<br>Verktaki hefur verið að vinna við bergskeringar, fyllingar og ræsalögn. | 05.02.08 | 01.10.09 |
| 08-084 Borgarfjarðarvegur (94),<br>Lagarfossvegur - Sandur<br>*Ylur ehf.*<br>Verktaki er að vinna við klapparnámu og lítilsháttar við skeringar og ræsi. | 22.01.09 | 01.09.09 |
| 07-019 Norðausturvegur (85),<br>Brunahvammsháls - Bunguflói<br>*Suðurverk hf.*<br>Vinnu við fyllingar er að mestu lokið og búið að keyra út 95% af neðra burðarlaginu. Verkinu átti að vera lokið 15. nóvember 2008, en þar sem ekki var hægt að hefja framkvæmdir fyrr en um miðjan júní vegna tíðarfars var samið um að seinka verklokum til 1. júlí 2009. | 20.12.07 | 01.07.09 |
| 06-007 Dettifossvegur (862),<br>Hringvegur - Dettifoss<br>*Árni Helgason ehf.*<br>Framkvæmdir hafa legið niðri frá byrjun desember en hefjast aftur í vor. Ófrágengnar fyllingar eru komnar á 5,7 km. Verklok eru 1. október 2010 en neðra lag klæðingar á að vera komið á veginn fyrir 15. júlí 2010. | 12.09.08 | 01.10.10 |
| 08-004 Dagverðareyrarvegur (816)<br>Hringvegur - Helluland<br>*G. V. Gröfur ehf.*<br>Verkinu er lokið nema eftir er að leggja efra lag klæðingar og verður það gert í vor. | 26.05.08 | 01.08.08 |
| 08-002 Hörgárdalsvegur (815)<br>Björg - Skriða<br>*Árni Helgason ehf.*<br>Verkinu er lokið nema eftir er að leggja efra lag klæðingar og verður það gert í vor. | 09.06.08 | 01.09.08 |

# Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust.
Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.
Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar.
Rautt númer = nýtt á lista

| Fyrirhuguð útboð | Auglýst: dagur, mánuður, ár |
|---|---|
| 09-027 Skíðadalsvegur (807), Skáldalækur - Brautarhóll | 09 |
| 08-011 Kísilvegur (87), Hólasandur - Geitafellsá, 2. áfangi | 09 |
| 08-085 Laxárdalsvegur (59), Höskuldsstaðir - Leiðólfsstaðir | 09 |
| 08-026 Reykjabraut (724), Hringvegur - Húnavellir | 09 |
| 09-026 Hringvegur (1), um Ysta-Rjúkandi | 09 |
| 09-028 Vetrarþjónusta 2009-2012, Stykkishólmur um Vatnaleið að Snæfellsnesvegi | 09 |
| 09-082 Hörgárdalsvegur (815), Skriða - Brakandi | 09 |
| 09-006 Arnarnesvegur (411), Reykjanesbraut - Fífuhvammsvegur, eftirlit | 09 |
| 09-007 Hringvegur (1), Hafravatnsvegur - Þingvallavegur | 09 |
| 09-008 Hringvegur (1), Hafravatnsvegur - Þingvallavegur, eftirlit | 09 |
| 09-017 Yfirlagnir Suðursvæði 2009, klæðingar | 09 |
| 09-018 Yfirlagnir Suðursvæði 2009, malbik | 09 |
| 09-019 Efnisvinnsla Suðursvæði 2009 | 09 |
| 09-014 Vetrarþjónusta á Snæfellsnesvegi 2009-2010, Vatnaleið - Ólafsvík | 09 |
| 09-013 Vetrarþjónusta á Holtavörðuheiði 2009-2012 | 09 |
| 09-001 Arnarnesvegur (411), Reykjanesbraut - Fífuhvammsvegur | 09 |

| Auglýst útboð | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 08-005 Hringvegur (1), Litla Sandfell - Haugaá | 29.04.09 | 19.05.09 |
| 09-010 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2009, norðurhluti, klæðing | 27.04.09 | 12.05.09 |
| 09-015 Vetrarþjónusta 2009-2012, Sauðárkrókur - Blönduós - Sauðárkrókur | 27.04.09 | 12.05.09 |
| 09-020 Vetrarþjónusta Suðursvæði 2009-2014, Hellisheiði og Árborgarhringur | 27.04.09 | 12.05.09 |
| 09-016 Vetrarþjónusta Suðursvæði 2009-2014, uppsveitir Árnessýslu | 27.04.09 | 12.05.09 |
| 09-021 Brú á Hvítá á Bræðratunguvegi, eftirlit | 27.04.09 | 12.05.09 |
| 09-030 Hvammstangavegur (72), um Hvammstanga | 20.04.09 | 05.05.09 |
| 09-009 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2009, austurhluti, klæðing | 20.04.09 | 05.05.09 |
| 08-032 Bræðratunguvegur (359) Flúðir - Tungufljót | 16.03.09 | 05.05.09 |

| Útboð á samningaborði | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 09-022 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2009, malbik | 06.04.09 | 21.04.09 |
| 09-022 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2009, „repave“ | 06.04.09 | 21.04.09 |

| Útboð á samningaborði, framhald | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 08-009 Raufarhafnarvegur (874) Hófaskarðsleið - Flugvöllur | 23.03.09 | 15.04.09 |
| 09-005 Efnisvinnsla Norðvestursvæði, Bitrufjörður | 23.03.09 | 07.04.09 |
| 08-064 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur, eftirlit | 16.03.09 | 31.03.09 |
| 08-034 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur | 23.02.09 | 07.04.09 |
| 08-012 Norðausturvegur (85), Bunguflói - Vopnafjörður | 02.02.09 | 24.03.09 |
| 08-022 Vestfjarðavegur (60), Þverá - Þingmannaá | 02.02.09 | 24.02.09 |

| Samningum lokið | Opnað: | Samið: |
|---|---|---|

Ekki hafa verið gerðir neinir verksamningar frá því 6. tölublað kom út.

| Hætt við útboð, verk fellt af lista |
|---|
| 09-012 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2009-2010, vesturhluti |
| 09-011 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2009-2010, norðurhluti |

# Auglýsingar útboða

## Vetrarþjónusta 2009-2014, uppsveitir Árnessýslu 09-016

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í vetrarþjónustu í uppsveitum Árnessýslu árin 2009-2014.

Helstu magntölur, á ári, eru:

| | |
|---|---|
| Færðargreining, bíll | 20.000 km |
| Færðargreining, maður | 1.000 klst. |
| Snjómokstur með vörubíl | 15.000 km |
| Hálkuvörn með vörubíl | 8.000 km |
| Upprif á ís og troðnum snjó með undirtönn á vörubíl | 4.000 km |
| Lausakeyrsla á vörubíl | 10.000 km |

Verki skal að fullu lokið 1. maí 2014.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 27. apríl 2009. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 12. maí 2009 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

